

**Nd.**

## **606. Breytingartillögur**

við frv. til laga um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum.

Frá Vilmundi Jónssyni.

1. Við 1. gr.

a. 1. málsgr. greinarinnar orðist svo:

Óheimilt er hverjum þeim, sem selur vöru eða hefir hana á boðstólum, að gefa út villandi upplýsingar um vöruna til að hafa áhrif á eftirspurn hennar eða sölu. Um allar auglýsingar, hvort sem þær eru birtar í blöðum, tímaritum, útvarpi eða annarsstaðar, skal þess gætt, að þær séu látlaust orðaðar, lausar við skrum og hæpnar fullyrðingar, en segi það eitt, sem satt er og rétt í öllum greinum. Sérstaklega er bannað að setja villandi auðkenni á vöruna sjálfa, umbúðir hennar eða ein-kennismiða, á auglýsingaspjöld, reikninga, vöruskrár eða önnur verzlunarskjöl. Villandi teljast:

b. Fyrri málsliður síðustu málsgr. greinarinnar orðist svo:

Sá, sem sakfelldur er fyrir þessi brot, skal einnig skyldaður til þess að leiðrétta hinar villandi upplýsingar, þar á meðal villandi auðkenni á vörunum, ef um slíkt er að ræða og vörunar eru enn í eigu hans eða umráðum.

2. Við 15. gr.

Greinin falli burt.